

Fimmtudaginn 17. desember 1992.

Nr. 91/1991. **Protabú Sigurðar H. Garðarssonar**

gegn

Tómasi Tómassyni.

Hafning. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Sigurður H. Garðarsson áfrýjaði máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 27. febrúar 1991. Bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði, upp kveðnum 5. júní 1992, og hefur þrotabúið tekið við aðild málsins.

Af hálfu áfrýjanda var sótt dómþing 2. desember sl. og þess óskað, að mál þetta yrði fellt niður. Af hálfu stefnda var sótt dómþing og samþykkt, að málið yrði fellt niður, en krafist málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu áfrýjanda er kröfu um málskostnað mótmælt, þar sem frestur til að lýsa kröfum í þrotabúið sé liðinn, en einu afskipti bússins af málarekstrinum hafi verið að óska eftir, að málið yrði fellt niður.

Samkvæmt 72. gr., sbr. 189. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti tekur þrotabú við öllum fjárhagslegum skyldum þrotamanns, er úrskurður um gjaldþrotaskipi er kveðinn upp. Skiptastjóri tók ekki ákvörðun um niðurfellingu máls þessa, fyrr en kröfulýsingarfrestur var úti. Áður en sú ákvörðun var ráðin og meðan málið var til meðferðar í Hæstarétti, var ekki þörf á að lýsa málskostnaðarkröfu í bú áfrýjanda.

Mál þetta fellur niður, en rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Mál þetta fellur niður.

Áfrýjandi, þrotabú Sigurðar H. Garðarssonar, greiði stefnda, Tómasi Tómassyni, 20.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.
